

***BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna ferða sviðsstjóra og stjórnenda þjónustu- og nýsköpunarsviðs sl. 4 ár - R21050088***

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað spurt um ferðakostnað æðstu embættismanns/manna þjónustu og nýsköpunarsviðs en fengið í svörum hina og þessa hlekkina og sagt nánast að finna svörin sjálf. Fulltrúi Flokks fólksins hefur reynt að rýna í fundargerðir og hin og þessi svörin í leit að nákvæmum upplýsingum af t.d. ferðum sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs síðustu 4 árin. Að fá nákvæmlega þá tölu í samanburði við aðra yfirmenn/sviðsstjóra hefur einfaldlega ekki tekist. Í einu svari, sem sent var borgarfulltrúa Flokks fólksins kom hins vegar fram að sviðsstjóra beri ekki skylda til að upplýsa um þessar tölur en vísa til eldri gagna. Það dugur ekki fulltrúa Flokks fólksins. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur því fram enn á ný fyrirspurn varðandi ferðakostnað æðstu embættismanna Reykjavíkurborgar. Hver er ferðakostnaður hvers sviðs- og skrifstofustjóra í yfirstjórn Reykjavíkurborgar undanfarin 4 ár? Bent er á að eingöngu er verið að spyrja um kostnað hvers og eins embættismanns skrifstofu eða sviðsstjóra en ekki heildarkostnað hvers skrifstofu eða sviðs.